

# Reykhólahreppur

---

## Valkostagreining sameiningarvalkostir

4. október 2021

Róbert Ragnarsson  
Gunnar Úlfarsson



# Verkefnið

- Markmið verkefnisins er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Reykhólahrepps ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur. Í því felst jafnframt að greina sameiningarvalkosti.
- Afurð verkefnisins verður minnisblað sem lýsir niðurstöðum verkefnisins og auðveldar sveitarstjórn Reykhólahrepps að meta hvort og þá við hvaða sveitarfélög skuli hefja sameiningarviðræður.

**Farðu inn á**  
**[www.menti.com](https://www.menti.com)**  
**Skráðu inn**  
**kóðann:**  
**2249 9011**

# Skipulag

- Vinnustofa I

- Ráðgjafi kynnti lagaumhverfi og verklag við sameiningar sveitarfélaga. Umræða um algengar áherslur sveitarfélaga í slíkum viðræðum.
- Vinnustofa I fór fram 15. mars.

- Vinnustofa II

- Ráðgjafi leiddi sveitarstjórn í vinnu þar sem styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri Reykhólahrepps voru greind. Á grunni þeirrar greiningar var lagt mat á hvort og þá hvaða sameiningarvalkostir væru fyrir hendi. Niðurstöður voru nýttar til að móta þær spurningar sem unnið verður með á íbúafundi.
- Vinnustofa II fór fram 19. apríl.

# Skipulag

- Íbúafundur
  - Fundur með íbúum þar sem sjónarmiða íbúa verður leitað. Ráðgjafar munu leiða kynningu og varpa fram spurningum sem íbúar ræða sín á milli. Leitast verður við að fá fram hvaða atriði skipta íbúana mestu máli, ef til sameiningarviðræðna kemur.
  - **Verkefni dagsins í dag.**
- Skilafundur
  - Minnisblað með valkostagreiningu kynnt fyrir sveitarstjórn á fundi.



# Stefna stjórnvalda

- Þingsályktun um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023
  - Áherslur:
    - aukið bolmagn sveitarfélaga
    - aukið íbúalýðræði
    - aukin stafræn þjónusta og aðkoma íbúa að ákvörðunum
    - bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa
    - aukið fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga
    - jöfnun á þjónustustigi í sveitarfélögum
  - Felur í sér stefnu um að lágmarksíbúafjöldi verði settur í lög og stuðningur við sameiningar stóraukinn

# Lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags

## 4. gr. sveitarstjórnarlaga

*Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir **1.000. (250 frá 2022)***

*Ef íbúafjöldi sveitarfélags er undir 1.000 við almennar sveitarstjórnarkosningar skal sveitarstjórn þess, [..]::*

- a. **hefja** formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. eða*
- b. vinna **álit** um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum, sbr. 1. mgr., og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög.*

*[..] þar skal m.a. fjallað um fjárhagslega og félagslega þætti sveitarfélagsins, íbúapróun, þjónustu sveitarfélagsins og aðrar samfélagslegar aðstæður.*

# Verklag við sameiningarviðræður

## Formlegar viðræður

- Lögbundið ferli sem endar með kosningum um sameiningartillögu.
  - 119. gr. svstjl.
- Sveitarstjórnir þeirra sem eru í viðræðum skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi.
- Samstarfsnefnd hefur mikið frelsi um verklag við undirbúning.
- Mat á kostum og ókostum tillögunnar.
- Íbúafundur og samráð.
- Jöfnunarsjóði skylt að veita framlög.

## Óformlegar viðræður

- Könnunarviðræður.
- Sveitarstjórnir geta hætt þátttöku.
- Mat á kostum og ókostum mismunandi sameiningarvalkosta.
- Íbúafundur og samráð.
- Möguleiki á stuðningi úr Jöfnunarsjóði.

# Formlegar viðræður

Við erum hér



# Stöðugreining Reykhólahrepps

- Stöðugreiningin er unnin á grunni fyrirliggjandi ársreikninga og lykiltalna Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- SVÓT greining fór fram á vinnustofu með kjörnum fulltrúum og starfsfólki Reykhólahrepps 19. apríl sl.
  - Verkefnið var að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri Reykhólahrepps ef til sameiningar sveitarfélagsins kemur.

# Stjórnsýsla

- Á skrifstofu sveitarfélagsins eru sjö starfsmenn sem sinna stjórnsýslu og miðlægri þjónustu við íbúa
  - Sveitarstjóri
  - Skrifstofustjóri
  - Ritari
  - Byggingafulltrúi
  - Skipulagsfulltrúi
  - Félagsmálastjóri
  - Tómtundafulltrúi

- Í sveitarstjórn Reykhólahrepps sitja fimm fulltrúar
- Fastanefndir eru sex og sitja þrír fulltrúar í hverri fyrir utan velferðarnefnd þar sem einn fulltrúi situr
  1. Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar
  2. Skipulags-, hafnar- og húsnæðisnefnd
  3. Mennta- og menningarmálanefnd
  4. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd
  5. Brunamála- og almannavarnarnefnd
  6. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps

# Yfirlit yfir samstarfsverkefni

- Reykhólahreppur er aðili að níu samstarfssamningum samkvæmt upplýsingum frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
  1. Embætti skipulagsfulltrúa Dala, Stranda og Reykhóla (staðsetning í Búðardal)
  2. Embætti og byggingafulltrúa Dala, Stranda og Reykhóla (staðsetning á Hólmavík)
  3. Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.
  4. Barnaverndarnefnd
  5. Menningarmál
  6. Félagsþjónusta
  7. BsVest um málefni fatlaðs fólks
  8. Vestfjarðarstofa ses.
  9. Starfsendurhæfing Vestfjarða

# Lögskyld áætlanagerð og verkefni


- Sveitarfélög hafa mikið frelsi til að ráða málefnum sínum sjálf. Löggjafinn setur þó ákveðnar kröfur á sveitarfélögin þegar kemur að ýmiss konar stefnumörkun og reglusetningu sem þeim er skylt að sinna, m.a. í því skyni að tryggja réttaröryggi og jafnrétti íbúa sveitarfélaganna.
- Í töflunni má, í dæmaskyni, finna verkefni og stefnumarkandi áætlanir sem sveitarfélögum er skylt að sinna samkvæmt lögum.
- Byggt er á gögnum sem birt eru á vefsíðu sveitarfélaganna eða eftirlitsaðila.

Lögskyld verkefni	Reykhólar
Samþykkt um stjórn og fundarsköp	Já
Aðalskipulag í gildi	Nei
Húsnæðisáætlun í gildi	Já
Jafnlaunavottun (ef það eru fleiri en 25 starfsmenn)	Nei
Loflagsstefna	Nei
Grunnskólastefna í gildi	Já
Leikskólastefna í gildi	Já
Siðareglur birtar	Já
Staðfesting ársreiknings	Já
Fjárhagsáætlun samþykkt	Já
Reglur um fjárhagsaðstoð	Óbirtar
Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning	Já




# Íbúapróun

Íbúapróun í Reykhólahreppi



Aldursdreifing í Reykhólahreppi árið 2021



# Styrkleikar Reykhólahrepps

- Lausafjárstaða nokkuð góð
- Góð þjónusta við fjölskyldufólk
- Stuttar boðleiðir
- Góður skóli og leikskóli
- Miðsvæðis, bæði milli fjarstaða og nágrennasveita
- Hreint sveitarfélag, hrein orka
- Jarðhitinn
- Nýting náttúruauðlinda á vistvænan hátt
- Skólaakstur fyrir leikskólabörn
- Samfella í skóla og frístundastarfi/tómstundastarfi
- Karakter sveitarfélagsins
  - Þang og þari
- Einstaklingurinn hverfur ekki í fjöldanum



# Veikleikar Reykhólahrepps

- Langt í neyðarþjónustu
  - Ekki læknir og lögregla á svæðinu
- Húsnæðisvandamál
- Atvinnumöguleikar og einsleitt atvinnulíf
- Fjarlægð í ákvörðunartöku
  - Náið samfélag og nándin of mikil á tíðum
- Landbúnaður stendur höllum fæti
- Félagslífið
- Fólksfækkun, veik grunnþjónusta
- Innviðir mættu verka sterkari, öryggi í raforku og samgöngum
- Samstarf milli stofnana
- Viðhald eigna



# Ógnanir Reykhólahrepps

- Breytingar í landbúnaði
- Missa hjúkrunarheimilið
- Lagafrumvarp um nýtingu þangs og þara
- Landbúnaður á undanhaldi, fækkar í sveitinni
- Missa skólann
- Fækkun starfa í sveitarfélaginu
- Þörungaverksmiðjan færir
- Jarðhitamálin leysast ekki
- Aðrir en sveitungar taka ákvarðanir um sveitarfélagið
- Ungu fólkið kemur ekki til baka
- Að verða “litla” samfélagið sem gleymist í stóru myndinni



# Tækifæri Reykhólahrepps

- Leysa hnútinn um heita vatnið
- Byggja fleiri íbúðir
- Greiðari aðgangur að sérfræðingum
- Efla Reykhóla sem ferðamannastað
- Nýting á þangi og þara
- Sjávarböðin
- Efla Bata og hlunnindasafnið
- Stofna þjóðgarð á Breiðafirði
- Merkja gönguleiðir og setja upp fuglaskilti
- Virkjun vindorku á Garpsdalsfjalli
- Styrkja nýsköpun á svæðinu




# Áhersluatriði í sameiningarviðræðum

- Vistvæn uppbygging, heita vatnið, þang og þari og með vistvænni orku
- Tryggja og bæta grunnþjónustuna
  - Skóla, leikskóla, félagsþjónustu, tryggja rekstur Barmahlíðar
- Hafa hverfisráð, aðkomu að málefnum
- Halda hjúkrunarheimilinu, skóla og leikskóla
- Öfluga uppbyggingu ferðaþjónustu
- Styrkja landbúnað og styðja við bændur
- Uppbygging húsnæðis
- Upplýsingaflæði
- Bæta neyðar- og læknisþjónustu
- Vönduð stjórnsýsla
- Vera frekar miðsvæðis í sameiningarmynstrinu en á öðrum hvorum endanum

# Meginreglan

- Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.
- Við könnum meginregluna út frá **veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímaskulda**.
- Veltufé frá rekstri að frádregnum afb. Langtímaskulda hafa verið jákvæð í Reykhólahreppi að undanskildum árunum 2018 & 2019.


Veltufé frá rekstri að frádregnum afborgunum langtímalána í þús. kr.



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

# Jafnvægisreglan

- Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- Jafnvægisreglan er því samtala rekstrarniðurstöðu til þriggja ára.
- Reykhólahreppur stóðst ekki jafnvægisreglu árin 2019 & 2020.
  - Þó eru vísbendingar um að staðan verði betri á næsta ári vegna batnandi rekstrarniðurstöðu.






# Skuldareglan

- Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Skuldahlutfall Reykhólahrepps er vel innan skuldareglu.

Skuldahlutfall Reykhólahrepps



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, RR ráðgjöf

# Vestfirðir

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	129%	139%
Jafnvægisregla	420 m. kr.	-384 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	236 m. kr.	-543 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Bolungarvíkurkaupstaður	958	522	252 km
Ísafjarðarbær	3794	612	238 km
Reykhólahreppur	236	169	-
Tálknafjarðarhreppur	268	163	206 km
Vesturbyggð	1064	530	192 km
Súðavíkurhreppur	201	102	219 km
Árneshreppur	42	119	151 km
Kaldrananeshreppur	110	102	86 km
Strandabyggð	435	316	49 km
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>7.108</b>	<b>2.635</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2019 en aðeins tvö árið 2020.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 2.635 m. kr.
- Upplýsingar um áhrif á árleg jöfnunarframlög vantar.
- Mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.
- Sameiginlegt svæðisskipulag.

# Reykhólahreppur & Strandir

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	74%	70%
Jafnvægisregla	-30 m. kr.	-89 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	-81 m. kr.	15 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Reykhólahreppur	236	169	-
Strandabyggð	435	316	49 km
Árneshreppur	42	119	151 km
Kaldrananeshreppur	110	102	86 km
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>823</b>	<b>706</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2019 en aðeins tvö árið 2020.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ekki ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 706 m. kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 28 mkr.
- Mikil hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.

# Breiðafjörður

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	100%	101%
Jafnvægisregla	1.050 m. kr.	836 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	428 m. kr.	15 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Grundarfjarðarbær	862	586	180 km
Helgafellssveit	66	100	157 km
Stykkishólmur	1196	519	161 km
Snæfellsbær	1679	459	206 km
Dalabyggð	620	237	56 km
Reykholahreppur	236	169	-
Vesturbyggð	1064	530	192 km
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>5.723</b>	<b>2.600</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2019 og 2020.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 2.600 m. kr.
- Upplýsingar um áhrif á árleg jöfnunarframlög vantar.
- Hefð fyrir samstarfi á milli sveitarfélaganna.

# Reykhólahreppur og Dalabyggð

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	59%	56%
Jafnvægisregla	172 m. kr.	129 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	55 m. kr.	123 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Dalabyggð	620	237	56 km
Reykhólahreppur	236	169	-
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>856</b>	<b>406</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2019 og 2020.
- Íbúafjöldi myndi, að óbreyttu, ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 406 m. kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 13 mkr.
- Hefð fyrir samstarfi.

# Strandir, Dalabyggð og Húnaþing Vestra

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	64%	68%
Jafnvægisregla	560 m. kr.	309 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	157 m. kr.	171 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Dalabyggð	620	237	56 km
Reykhólahreppur	236	169	-
Kaldrananeshreppur	110	102	86 km
Strandabyggð	435	316	49 km
Árneshreppur	42	119	151 km
Húnaþing vestra	1222	132	157 km
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>2.665</b>	<b>1.076</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2019 og 2020.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúalágmarki sveitarstjórnarlaga fyrir 2026.
- Framlög vegna sameiningar 1.076 m. kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 77 mkr.
- Mikil hefð er fyrir samstarfi hjá hluta af sveitarfélögunum.

# Strandabyggð og Dalabyggð

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	77%	70%
Jafnvægisregla	121 m. kr.	32 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	-5 m. kr.	68 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Dalabyggð	620	237	56 km
Reykhólahreppur	236	169	-
Strandabyggð	435	316	49 km
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>1.291</b>	<b>722</b>	

- Sameinað sveitarfélag stóðst fjárhagsleg viðmið árið 2020.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúalágmarki
- Framlög vegna sameiningar 722 m. kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 29 mkr.
- Mikil hefð er fyrir samstarfi.

# Dalabyggð, Stykkishólmur og Helgafellssveit

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	97%	91%
Jafnvægisregla	263 m. kr.	161 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	72 m. kr.	45 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Dalabyggð	620	237	56 km
Stykkishólmur	1196	519	161 km
Helgafellssveit	66	100	157 km
Reykholahreppur	236	169	-
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>2.118</b>	<b>1.025</b>	

- Sveitarfélögin standast fjárhagsleg viðmið árin 2017 – 2020.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúalágmarki.
- Framlög vegna sameiningar 1.025 m. kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 6 mkr.
- Svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi.
- Hefð fyrir samstarfi.



# Dalabyggð og Húnaþing

Fjárhagsleg viðmið	2019	2020
Skuldahlutfall	56%	62%
Jafnvægisregla	588 m. kr.	351 m. kr.
Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun	200 m. kr.	199 m. kr.

	Íbúafjöldi	Sameiningar- framlög	Fjarlægðir
Dalabyggð	620	237	56 km
Húnaþing vestra	1222	132	157 km
Reykhólahreppur	236	169	-
<b>Sameinað sveitarfélag</b>	<b>2.078</b>	<b>538</b>	

- Sveitarfélögin standast fjárhagsleg viðmið árin 2017 – 2020.
- Íbúafjöldi myndi ná íbúalágmarki.
- Framlög vegna sameiningar 538 m.kr.
- Árleg jöfnunarframlög hækka um 38 mkr.
- Svigrúm til fjárfestinga í sameinuðu sveitarfélagi.
- Lítil hefð fyrir samstarfi.

# Spurningar

- Ætti Reykhólahreppur að hefja sameiningarviðræður?
- Hvaða valkostir ættu að vera í forgangi?
- Hver ættu að vera áhersluatriði Reykhólahrepps í viðræðum?
- Íbúar geta farið inn á [menti.com](https://www.menti.com), slegið inn kóðann **2249 9011** og svarað ofangreindum spurningum.



Farðu inn á  
[www.menti.com](https://www.menti.com)  
Skráðu inn  
kóðann:  
**2249 9011**



- **Róbert Ragnarsson** er reynslumikill stjórnandi og sérfræðingur úr opinbera geiranum. Hann hefur yfir tíu ára reynslu sem bæjarstjóri í Vogum og í Grindavíkurbæ, auk reynslu af sérfræðistörfum í stjórnarráðinu og kennslu á háskólastigi. Róbert hefur sinnt fjölbreyttri ráðgjöf við sveitarfélög frá því í febrúar 2017.
- Róbert er með meistarapróf í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands, en varði tveimur árum við nám í Háskólanum í Arósum. Hann hefur kennt stjórnsýslufræði á meistarastigi við Háskóla Íslands og haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um lagaumhverfi, skipulag og stjórnun hins opinbera. Hann hefur sinnt ráðgjöf við gerð lagafrumvarpa í samgönguráðuneyti og félagsmálaráðuneyti og unnið að fjárhagslegum úttektum fyrir sveitarfélög.



- **Freyja Sigurgeirsdóttir** er með MA próf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Samhliða námi vann Freyja hjá Umboðsmanni barna og í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.
- Hennar helstu verkefni í ráðuneytinu sneru að frumkvæðismálum skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga og samvinnusamningum sveitarfélaga, skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Hjá umboðsmanni barna vann Freyja við ýmis tilfallandi verkefni, m.a. undirbúningsvinnu umsagna til nefndasviða Alþingis, og aðstoðaði við undirbúning og framkvæmd Barnaþings í Hörpu.



- **Gunnar Úlfarsson** er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur lokið meistaránámi í hagfræði og fjármálum við St Andrews háskóla í Skotlandi. Gunnar hefur starfað sem stundakennari innan hagfræðideildar Háskóla Íslands og hefur reynslu af samkeppnis- og samrunamálum úr starfi hjá Samkeppniseftirlitinu.
- Gunnar leggur áherslu á hagræna greiningu vandamála með tölulegri greiningu og nýtingu rauntímagagna til skilvirkar ákvarðanatöku. Hann hefur unnið mat á fjárhagslegum áhrifum fjárfestinga sveitarfélaga og tekið þátt í greiningu á fjárhag þeirra.